



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003 (sameining samkeppnissjóða).
<b>Ráðuneyti</b>	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.
<b>Stig mats</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
<b>Dags.</b>	26.ágúst 2024

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

### 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?  
*Umfang núverandi sjóða á sviði rannsókna og nýsköpunar sem heyra undir HVIN er talsvert og umsýslukostnaður nokkur.*

Sjóður	Fjárheimildir 2024 (m.kr)	Umsýslukostnaður 2022 (m.kr)	Fjöldi umsókna 2024	Fjöldi styrkja 2024
Rannsóknasjóður	3.230,1	88,892	353	67
Tækniþróunarsjóður (umsóknir og styrkir 2023)	3.024,0	142,151	771	163
Innviðasjóður	459,2	10,381	46	8
Markáætlun	326,4	8,043	0	0
Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna	53,2	3,720	54	18
Nýsköpunarsjóður námsmanna	95,4	21,685 (fjárheimild 2022 var um 300 m.kr)	392	91
Lóa (ekki sérstakur fjárlagaliður)	150,0	7,022	89	27
Fléttan (ekki sérstakur fjárlagaliður)	100,0		44	12
<b>Samtals</b>	<b>7.438,3</b>	<b>281,894</b>	<b>1749</b>	<b>386</b>

*Áætla má að lagasetning hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð. Við fækkun sjóða mun umsýslukostnaður lækka, ásamt því að kostnaður við rekstur kerfa mun minnka og stjórnarlaun falla niður.*

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.  
*Sjá svar 1a. Forsendur eru skýrar og raunverulegar. Á móti gæti kostnaður vegna umsýslu nýrra sjóða tímabundið hækkað lítillega á meðan breytingar eru kynntar*

*hagaðilum og markhópum þar til jafnvægi næst. Með lægri umsýslukostnaði nýtist fjármagn betur til þess að ná fram ætluðum áhrifum af styrkveitingum.*

- c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?  
*Varanleg.*
- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.  
*Á ekki við.*
- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.  
*Í vinnslu.*

## **2. Tekjubreytingar.**

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.  
*Á ekki við.*

## **3. Útgjaldabreytingar.**

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.  
*Gert er ráð fyrir sparnaði sem nemur starfsemi stjórnna, reksturs umsókna- og umsýslukerfa þeirra sjóða sem lagðir verða niður og umsýslukostnaður starfsfólks stofnana og ráðuneyta vegna þess.*

## **4. Eignabreytingar.**

- Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.  
*Á ekki við.*

## **5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.**

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.  
*Á ekki við.*
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.  
*Á ekki við.*
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.  
*Á ekki við.*
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.  
*Á ekki við.*
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.  
*Á ekki við.*
- f) Opinber innkaup og útboð.  
*Á ekki við.*
- g) Eignaumsýsla ríkisins.  
*Á ekki við.*
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.  
*Á ekki við.*
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.  
*Í vinnslu.*

## **B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun**

### **1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

- a) í gildandi fjárlögum  
*Nei*

- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs  
*Nei*
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar  
*Nei.*

**2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

*Ekki er ráðgert að lagabreytingarnar kalli á frekari útgjöld úr ríkissjóði og leiði heldur til sparnaðar í rekstri sjóðanna. Ekki er þó gert ráð fyrir að framlög til sjóðanna lækki sem nemur sparnaði þar sem rekstur sjóðanna er í flestum tilfellum hluti af framlögum til þeirra. Breytingarnar ýta undir að hægt verði að ná hagræðingarkröfum sem lagðar hafa verið fram án þess að það komi jafn mikið niður á þeim verkefnum sem sjóðirnir styrkja.*

**3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

*Nei.*

### C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

**1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.**

*Í vinnslu.*

*Stefnt er að jákvæðum langtímaáhrifum á hagkerfið með öflugri stuðningi við nýsköpun frá hugmynd til atvinnusköpunar og renna þar með frekari stoðum undir þekkingariðnað sem fjórðu stoð íslensks atvinnulífs.*

**2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnarsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?**

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“

*Í vinnslu.*

**3. Samkeppnisskilyrði.**

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).  
*Á ekki við.*
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).  
*Á ekki við.*
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).  
*Á ekki við.*
- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)  
*Á ekki við.*

### D. Önnur áhrif

**1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

*Á ekki við.*

**2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

*Á ekki við.*

**3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

*Á ekki við.*

**4. Áhrif á byggðalög.**

*Í vinnslu.*

**5. Áhrif á frjáls félagasamtök.**

*Á ekki við.*

**6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.**

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.

– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.

*Í vinnslu.*

**7. Áhrif á lýðheilsu.**

*Óbein áhrif – í vinnslu.*

**8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**

*Lagasetning mun hafa umtalsverð áhrif á rannsóknir og nýsköpun þar sem verið er að sameina samkeppnissjóði á því sviði og breyta lögum og reglum til að einfalda og samræma regluverk. Ætlunin er að skapa aðgengilegra kerfi sem samanstendur af þremur megin sjóðum á sviði rannsókna, nýsköpunar ásamt sjóði sem sameinar bæði og tekur áherslum stjórnvalda. Helstu áhrifin verða á markhópa sjóðanna; rannsakendur, frumkvöðla, rannsókn- og háskólastofnanir og fyrirtæki og vonast er til þess að þeir hópar stækki og gæði aukist ásamt samvinnu þvert á hópa.*

*Samhliða verður skerpt á hlutverki Rannís sem umsýslu og þjónustustofnunar á sviðum rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar ásamt tengilið fyrir þær alþjóðlegu áætlanir sem Ísland tekur þátt í. Með því að auka áherslu á umsýslu og þjónustu við umsækjendur og styrkþega ættu gæði að aukast.*

**9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**

*Á ekki við.*

**10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**

*Í vinnslu.*

**11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**

*Í vinnslu.*

**12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.**

*Í vinnslu.*

**E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á**

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

*Fyrirhugað frumvarp hefur ekki fjárhagsáhrif fyrir ríkissjóð.*

**2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**

*Í vinnslu.*

- 3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat). |**

*Samfélagslegur ávinningur er umtalsverður þar sem stefnt er að því að setja á fót sjóð sem styður við áherslur stjórnvalda á sviði vísinda og nýsköpunar, en sá sjóður myndi hafa það hlutvert að takast á við stórar samfélagslegar áskoranir.*

#### **F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati**

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**  
|